



Auglýsing um fyrirhugaða deiliskipulagsgerð í Skútustaðahreppi

Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps kynnir hér með eftirfarandi skipulagslýsingar vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar í Skútustaðahreppi:

Deiliskipulag minjasvæðis á Hofstöðum:

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur heimilað Minjastofnunar Íslands að láta vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir minjasvæðið við Hofstaði í Mývatnssveit og nánasta umhverfi þess. Stefnt er að því að bæta aðgengi og umferð ferðamanna um minjasvæðið m.a. með skipulagningu bílastæðis, stíga, skilta, útsýnissvæða og staðsetningu byggingarreits fyrir salernisaðstöðu við bílastæði. Jafnframt er skipulaginu ætlað að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og gera þær sýnilegri fyrir ferðamenn sem koma til Hofstaða.

Deiliskipulag á áningastað í Vikraborgum við Öskju:

Markmið deiliskipulagstillögunnar er að móta ramma fyrir þróun og uppbyggingu á áningastaðnum með lágmarks þjónustu, svo sem aðkomuvegi, gönguleiðum, fræðsluskiltum og bílastæði svo staðurinn geti betur mætt vaxandi straumi ferðamanna sem leggja leið sína í Öskju. Deiliskipulaginu er ætlað að endurskoða bílastæði sem fyrir eru, fella þau að landslagi, afmarka byggingarreit fyrir viðveruhús og snyrtingar fyrir daggesti.

Deiliskipulag á óskiptu land Vogu í Skútustaðahreppi :

Landeigendur í Vogum í Mývatnssveit áforma að deiliskipuleggja óskipt landsvæði sitt. Vegna vaxandi ferðapjónustu og ásókn að náttúrufrýrbrigðum er ráðgert að byggja upp og bæta aðstöðu m.a. við Grjótagjá, Lúdentarborgir og Lofthelli. Við gerð skipulagsins verður metið hvort vegtenging á milli Grjótagjár og Hverfjalls yfir Vogahraun sé álitlegur kostur og einnig hvort færa þurfi aðkomuveg að þjónustusvæði norðan Hverfjalls m.t.t. vetrarfærðar. Bæta þarf aðgengi fyrir fótgangandi víðsvegar á svæðinu og stýra umferð þeirra.

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórn við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsingar skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með fimmtudeginum 7. janúar til og með fimmtudeginum 28. janúar 2015. Lýsingarnar verða einnig aðgengilegar á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www//myv.is> undir: Skipulagsauglýsingar (hnappur á forsíðu). Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsingarnar eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 28. janúar 2015 til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Bjarni Reykjalín,

skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps